LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 49/1987, orðast svo:
Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjum umfram 75.000 kr. og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

2. gr.

Við upptalningu í 122. gr. laganna bætist: 2. mgr. 67. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1996 á tekjur ársins 1995.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.